



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

617. stjórnarfundur þriðjudaginn 27. febrúar 2024 kl. 17:00

Mættir: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Garðar Örn Arnarson, Stefán Guðjónsson og Þröstur Leó Jóhannsson. Einar Haraldsson framkvæmdastjóri sat fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Liggur frammi.

2. Tillaga að skipan stjórnar.

Ákveðið var eftirfarandi: Sveinbjörg Sigurðardóttir varaformaður, Garðar Már Newman gjaldkeri og Eva Björk Sveinsdóttir ritari.

3. Innkomin bréf

Hjördís tók saman afrek Keflavíkur frá 1994 í tengslum við 30 ára afmæli Reykjanesbæjar. Þetta var sent á Hafþór Barða Birgisson.

Fréttabréf UMFÍ, Skinfaxi. Boð um að vinna í Reykjavík vegna náttúruhamfara.

Hreyfing eldri borgara.

ÍSÍ/ÍRB skattaafsláttur almannheillaskrár.

Karfa unglingaráð vegna krossbandaslita. Deildir eru ekki tryggðar fyrir meiðslum iðkenda.

Einar ræðir við móður.

ÍSÍ/UMFÍ sendi drög að 8 svæðisskrifstofum íþróttahreyfingarinnar.

Fundargerðir frá fimleikadeild og barna- og unglingaráði knattspyrnudeilda.

4. Send bréf

Tölvupóstur á þrjá ráðherra, Guðrúnu Hafsteinsdóttur, Ásmund Daðason og Guðmund Inga Guðbrandsson vegna málefnis hælisleitenda (knattspyrna).

Tölvupóstur á skjaladeild Reykjanesbæjar vegna niðurfellingar á fasteignagjöldum, Hringbaut 108.

Ýmsir tölvupóstar sendir á deildir félagsins.

5. Formanna og gjaldkerafundur deilda

Ákveðið var að boða til fundar þriðjudaginn 12. mars kl. 18:30. Framkvæmdarstjóri boðar fundinn með tölvupósti og heyrir í formönnum deilda. Framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og íþróttastjóri sitja fundinn ásamt aðalstjórn. Ákveðið að panta súpu og brauð.

6. Aðalfundur Keflavíkur

Aðalfundur Keflavíkur 2024 var haldinn 19. febrúar. Nýr formaður kjörinn Björg Hafsteinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir voru kjörnar til eins árs og Garðar Newman og Eva Björk Sveinsdóttir til tveggja ára. Varastjórn Garðar Örn Arnarson, Stefán Guðjónsson og Þröstur Leó Jóhannsson. Einar Haraldsson og Birgir Már Bragason gengu úr stjórn.



7. Nýr framkvæmdarstjóri

Þrjár umsóknir bárust upphaflega um starf framkvæmdastjóra Keflavíkur en einn dró umsókn sína til baka. Allir aðilar voru á einhvern hátt tengdir stjórnarmönnum svo það var ákveðið að fá hlutlausa einstaklinga til að taka viðtölin. Anna Ósk Kolbeinsdóttir og Eyjólfur Gíslason tóku viðtölin og skiluðu mjög svo vandaðri skýrslu til aðalstjórnar. Þeim eru færðar þakkir fyrir. Á morgunverðarfundum þann 16. febrúar var svo tekin ákvörðun út frá niðurstöðum skýrslunnar. Samþykkt var að bjóða Birgi Má Bragasyni starfið. Birgir mun hefja störf í apríl.

8. Laganefnd

Ákveðið var að Sveinbjörg færi fyrir nefndinni. Framkvæmdastjóra er falið að heyra í Sævari Sævarssyni lögmanni og fá hann með þeim í að yfirfara lög félagsins.

9. Önnur mál

- A. Lóðarleiga Heiðarenda 2, 4, 6 og 8. Ákveðið að gera ekki breytingar.
- B. Hjördís kynnti starf fyrir eldri borgara sem var verið að bjóða Keflavík. Frísk til framtíðar er yfirheitið. Við værum að leggja til aðstöðu en fólk greiðir sjálft þjálfunarkostnað. Reykjaneshöllin, styrktarsalur og Akadémían gætu hentað. Ákveðið að íþróttastjóri tali við Njarðvík og athugi hvort við tökum þátt í þessu með þeim.
- C. Umræða um tengil á heimsíðu fyrir styrki til félagsins.
- D. Leiga á styrktarsal. Framkvæmdarstjóra falið að heyra í Kristjáni skólameistara FS.
- E. Ákveðið að bjóða stjórn og þeim sem létu úr stjórn ásamt starfsmönnum aðalstjórnar í mat fimmtudaginn 7. mars kl. 18:30 .
- F. Ákveðið var að nefna nýja fundarherbergið Einarsstofa.
- G. Umræða um starfslýsingu framkvæmdastjóra og ráðningarsamning.
- H. Nettómótið er næstu helgi, 1. - 3.mars.

Fundi lokið kl. 18:50

Næsti fundur verður þriðjudaginn 12. mars.

Fundinn ritaði Eva Björk